

# REGLUGERÐ

## um framtal og skil á olúgjaldi.

### 1. gr.

#### *Uppgjörstímabil og gjalddagi.*

Uppgjörstímabil olúgjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

### 2. gr.

#### *Olúgjaldsskýrslur.*

Gjaldskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skulu ótilkvaddir gera grein fyrir því olúgjaldi sem þeim ber að standa skil á, ásamt upplýsingum um magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olú á uppgjörstímabilinu, á sérstökum olúgjaldsskýrslum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður nánar efni og form olúgjaldsskýrslunnar.

Sé um að ræða leiðréttingu á áður ákvörðuðu olúgjaldi skal gerð grein fyrir því á sérstökum leiðréttingarskýrslum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Olúgjaldsskýrslu ber einnig að skila innheimtumanni eða ríkisskattstjóra fyrir hvert uppgjörstímabil þótt ekki hafi verið um olúgjaldsskylda veltu að ræða.

### 3. gr.

#### *Aðrar upplýsingar gjaldskylds aðila.*

Til viðbótar því sem olúgjaldsskýrslur skv. 2. gr. gefa tilefni til skal gjaldskyldur aðili sem hlotið hefur skráningu skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um skil hans á olúgjaldi. Einnig er gjaldskyldum aðila skylt að láta ríkisskattstjóra í té, í því formi sem óskað er, nánari sundurliðun á þeim fjárhæðum sem hann færir á olúgjaldsskýrslu, svo og styðja þær gögnum sé þess óskað.

### 4. gr.

#### *Fullnægjandi skil á olúgjaldi.*

Það teljast fullnægjandi skil á olúgjaldi ef:

1. Greitt er í banka eða sparisjóði í síðasta lagi á gjalddaga. Greiðsla á grundvelli raf-rænna greiðslufyrimæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrimælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.
2. Greitt er hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga. Innheimtumenn olúgjalds eru tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur.

Skil eru ekki fullnægjandi nema allar tilskildar upplýsingar komi fram á olúgjaldsskýrslu og hún sé undirrituð af skattaðila eða ábyrgum starfsmanni hans.

### 5. gr.

#### *Viðurlagaákvæði.*

Brot gegn ákvæðum 2. gr. reglugerðar þessarar varða við 20. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

6. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

*Fjármálaráðuneytinu, 14. júní 2005.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Vala R. Þorsteinsdóttir.*

**AUGLÝSING****um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Urriðaholt.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 22. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Nýtt verslunar- og þjónustusvæði (U-1) verður við Reykjanesbraut á svæði þar sem áður var annars vegar óbyggt svæði með bæjarvernd/hverfisvernd (G-3) og hins vegar tvö svæði með blandaðri landnotkun (Ú-6: miðsvæði og opið svæði til sérstakra nota og M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði).
- Austan Urriðavatns að Elliðavatnsvegi og tengivegi við Reykjanesbraut (Urriðaholt) verður svæði með blandaðri landnotkun (U-3: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði) þar sem áður voru annars vegar þrjú svæði með blandaðri landnotkun (Ú-6: miðsvæði og opið svæði til sérstakra nota, M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði og ÍB-26: íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir) og hins vegar óbyggt svæði efst á Urriðaholtinu.
- Svæði norðan tengivegar milli Reykjanesbrautar og Elliðavatnsvegar breytist úr svæði með blandaðri landnotkun (M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði) í verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir (U-2).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. júní 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*